

KATLA KJARTANSDÓTTIR

## „Af hverju fæ ég ekki að kynna safnið mitt í sjónvarpinu?“

Stutt greinargerð um Íslenska dýrasafnið

### *Upphafið*

Í greininni verður fjallað um sögu Íslenska dýrasafnsins, hlutverk þess og viðtökur safngesta. Íslenska dýrasafnið opnaði vorið 1970 í Breiðfirðingabúð á Skólavörðustíg og voru þar til sýnis á annað þúsund uppstoppuð dýr af margvíslegu tagi. Stofnandi safnsins, Kristján S. Jósefsson, greinir frá því að safnið hafi fyrst opnað í gamla Búnaðarfélagshúsinu þann 22. ágúst 1969 en síðan hafi það flust í menntaskólahúsið þar sem það var starfrækt í einn vetur og að lokum opnaði það svo í Breiðfirðingabúð. Í tengslum við áhuga sinn á þessu viðfangsefni viðhefur Kristján engar víflengjur. Í viðtali við blaðamann *Tímans* segir forstöðumaðurinn svo frá:

En þegar ég var í Hofteigi, datt með mig hestur, svo ég meiddist, handleggsbrotnaði og fleira, og var því frá vinnu árlangt eða vel það. En upp úr því fór ég til Reykjavíkur og var einn vetur gæzlumaður á Kleppi. En þaðan fór ég norður í Eyjaförð og vann þá í Kaupangi, þar sem Björn Ingvarsson lögfræðingur rak þá bú. Síðan réð ég mig á fiskibát frá Akureyri, og var svo aðallega við sjómennsku á ýmsum skipum nokkrar vertíðir. Eftir þetta varð ég handlangari hjá múrara, það mun hafa verið upp úr 1947. Svo ílengdist ég í múrverkinu og vann við það hér og þar austanfjalls nokkur ár. Og við það vann ég austur í Hrunamannahreppi, þegar



Ritið  
1. tbl. 20. árg. 2020 (183-193)

© 2020 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar  
og höfundur greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

DOI: 10.33112/ritid.20.1.9  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

hugur minn fór að snúast um uppsett dýr. Sú hugsun varð svo áleitin, að síðan hefur hún ráðið lífi mínu.<sup>1</sup>

Ljóst er að safnið og uppstoppuðu dýrin hafa átt hug forstöðumannsins allan og athyglisvert er hversu sterkt hann tekur til orða í þessu samhengi. Velta má fyrir sér hvort þakka beri hestinum, sem fleygði honum af baki, þennan eldheita áhuga fyrir uppstoppuðum dýrum. Eitt er víst að Kristján sinni safninu af mikilli alúð og hafði augljóslega mikinn metnað fyrir starfsemi þess. Við sjáum líka á þeim myndum sem aðgengilegar eru á vef Ljósmynda- safns Reykjavíkur, og fylgja sumar þessari grein, að safngestir hafa margir hverjir heillast verulega af dýrunum. Á meðfylgjandi mynd sjáum við til dæmis sjá unga stúlku sem horfir dreyimnum augum upp til hvíta svansins við hlið hennar, sem vissulega er glæsilegur á að líta.



Stúlka á tröppum með uppstoppaðan svan.

<sup>1</sup> H. Kr., „Safnið ætti að hafa talsverðu hlutverki að gegna í borg eins og Reykjavík“, *Tíminn*, 17. mars 1974, bls. 11.

Forstöðumaður íslenska dýrasafnsins Kristján S. Jósefsson er langt frá því að vera sá eini sem laðast hefur að kynlegum (eða tignarlegum) uppstoppuðum dýrum. Lista- og fræðimenn á borð við þau Bryndísi Snæbjörnsdóttur og Mark Wilson má nefna í þessu samhengi. Listrannsókn þeirra á menningarsögu og framhaldslífi 34 uppstoppaðra ísbjarna í Bretlandi er líka gott dæmi um hversu margvíslegar merkingar og heillandi frásagnir er oft að finna í gripum af þessu tagi.<sup>2</sup> Þegar farið er að kafa dýpra undir feld (eða hami) getur margt áhugavert komið ljós. Í bók sinni *The Breathless Zoo* fjallar Rachel Poliquin einnig um þetta kynngimagnaða aðdráttarafl sem gripir af þessu tagi hafa oft til að bera.<sup>3</sup> Með lífleysi sínu geta þeir vissulega stundum vakið óhug en jafnframt hvílir yfir þeim einhvers konar dulmagn, sem ekki er alltaf auðvelt að skýra í hverju liggur.

Velþekkt greining Donnu Haraway á uppstoppuðum afrískum dýrum í bandaríska Náttúruminjasafninu í New York borg sýnir einnig vel hversu hápólítískar og orðræðustýrandi sýningar af þessu tagi geta verið. Að hennar mati varpar sýningin á afrísku dýrunum í sal Akley's ljósi á margvísleg flókin menningarleg tengsl og tekur jafnframt þátt í að setja fram ákveðna ímynd af Afríku sem framandi og villtu svæði. Ímynd sem hins vegar á sér kannski litla sem enga stoð í raunveruleikanum.<sup>4</sup> Í þessu samhengi er áhugavert að velta fyrir sér hvers konar framsetning af Íslandi, eða íslenskri náttúru, birtist á hinu íslenska dýrasafni Kristjáns S. Jósefssonar í Breiðfirðingabúð. Hvaða ímynd af landi, þjóð og dýrum, í hugum safngesta og ferðamanna, tók sýningin þátt í að skapa?

Á myndinni hér á eftir sést til dæmis hvernig dýrunum er stillt fram í einhvers konar tilbúnu vetrarríki, þar sem snjór er í fjöllum og á jörðu. Hjá erlendum ferðamönnum hefur þessi framsetning eflaust fallið vel að hugmyndum þeirra um Ísland, sem kannski hálfvillt og nær óspillt landsvæði. Þá eru dýrin sjálf í sínum vetrarklæðum og falla því (eins og í náttúrunni) ágætlega að hvítu „landslaginu“ sem eykur á áhrif, undirtóna eða loforð um hreinleika náttúrunnar. Í forgrunni myndar stingur þó örlítið í stúf staur sem virðist hulinn plasti. Hvaða tilgangi honum er ætlað að þjóna er erfitt að dæma um en djúphugull safngestur gæti ef til vill velt fyrir sér áhrifum plasmengunar á náttúru og auðlindir landsins.

<sup>2</sup> Bryndís Snæbjörnsdóttir og Mark Wilson, *Nanoq: Flat Out and Bluesome: a Cultural Life of Polar Bears*, London: Black Dog Publishing, 2006.

<sup>3</sup> Rachel Poliquin, *The Breathless Zoo: Taxidermy and the Cultures of Longing*, University Park, PA: Pennsylvania State University Press, 2012.

<sup>4</sup> Donna J. Haraway, „Teddy bear patriarchy: Taxidermy in the garden of Eden, New York City, 1908–1936“, *Social Text* 11/1985, bls. 20–64.



Uppstoppaður refur, rjúpur og hreindýr. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Gripir af þessu tagi eru þó langt frá því að vera einhamir og geta þeir auðvitað vakið mjög mismunandi spurningar í hugum hvers og eins. Þá getur einn og sami gripurinn falið í sér margvíslegar ólíkar frásagnir og merkingarauka – allt eftir samhengi og mismunandi framsetningarmáta. Þegar kafað er ofan í undirlögin má jafnvel finna fyrir þversagnakenndri stöðu safnmuna af þessu tagi. Óneitanlega er um að ræða steindauð dýr sem þó er ætlað að gefa einhvers konar lifandi innsýn í samhengi náttúrunnar og samband manneskjunnar við aðrar dýrategundir. Það hvernig gripir af þessu tagi eru settir fram er hins vegar lykilatriði ef ætlunin er að virkja þá til samtals. Mögulega geta slíkir munir verið öflug tæki sem nýta má til dæmis þegar kemur að því að vekja fólk til umhugsunar um umhverfismál eða jafnvel tegundamissi.<sup>5</sup> Í þessu samhengi er vert að geta þess hvernig

<sup>5</sup> Katla Kjartansdóttir, „The changing symbolic meaning of the extinct great auk and



„AF HVERJU FÆ ÉG EKKI AÐ KYNNA SAFNIÐ MITT Í SJÓNVARPINU?“

munir af þessu tagi fela oft í sér einhvers konar húmor eða jafnvel íroníska undirtóna. Þannig sjáum við til dæmis gripunum beitt í kvikmyndinni með *Allt á breinu* frá árinu 1982 þar sem Stuðmenn sjást bregða á leik innan um dýrin á íslenska dýrasafninu í Breiðfirðingabúð. Á myndum sem er að finna á vef Ljósmyndasafns Reykjavíkur (og fylgja sumar þessari grein) má einnig sjá hvernig safnið varð við ákveðin tækifæri vettvangur fyrir bæði börn og fullorðna til að gantast og bregða á leik.

Á einni slíkri mynd sjást uppstoppaðar kindur, börn og (mögulega uppstoppaður) jólasveinn í fullum skrúða. Af svip barnanna að dæma ríkti við þetta tækifæri blanda af kátínu, forvitni, óhug og gleði í hópnum. Þeir sem eldri eru horfa í myndavélina nokkuð kaldir á svip en hinir yngri hafa augljóslega gaman af þessu uppátæki. Önnur mynd sýnir forstöðumanninn sjálfan standa þrúðbúinn, í jakkafötum og með bindi, við stæðilegan, íslenskan hest og á baki hans situr glaðleg stúlka sem virðist mjög lukkuleg. Við hlið hestsins stendur svo önnur stúlka sem bíður pollróleg eftir því að fá að bregða sér á bak.



Uppstoppaðar kindur, börn og jólasveinn. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

---

its afterlife as a museum object at the Natural History Museum of Denmark“, ritstj. Brita Brenna, *Nordisk Museologi* 2/2019, bls. 41–56. Í þessari grein fjallar höfundur meðal annars um það hvernig geirfuglinn sem safngripur hefur verið virkjaður í tengslum við slík málefni á danska Náttúruminjasafninu í Kaupmannahöfn.

Íslenska dýrasafnið og saga þess vekur óneitanlega upp spurningar um hið margslungna og flókna samband manna og dýra. Í bók sinni *The Post-Modern Animal* ræðir Steve Baker um hvernig menning mótar skilning og túlkun okkar á dýrum, rétt eins og dýr hafa áhrif á túlkun okkar á menningu. Hugmyndir okkar um dýr hafa þannig jafnframt áhrif á hugmyndir okkar um mannlegt samfélag og hlutverk manneskjunnar í veröldinni.<sup>6</sup> Í þessu samhengi er vert að nefna hvernig menningarleg framsetning á dýrum, til dæmis í kvikmyndum, listum, þjóðsögum og á söfnum, varpar fyrst og fremst ljósi á mannlegan skilning á dýrum og hlutverk þeirra í samfélagi manna. Uppstoppuðu dýrin í Breiðfirðingabúð eru vissulega einnig afurðir ákveðinnar menningarsköpunar. Framsetning þeirra á safninu og menningarlegt samhengi vekur upp flóknar spurningar er varða tengsl manna við dýr en ekki síður hið dýrslega í mennskunni.

### *Ærin verkefni*

Varðandi verkefni safnsins segir Kristján, í fyrrnefndu viðtali við blaðamann *Tímans*, að þau séu vissulega ærið mörg og að safnið þyrfti í raun að hafa burði til að ráða fagmann í fast starf. Hann tekur jafnframt fram að það séu ýmsir skólamenn, víðsvegar um land, sem hafi áhuga fyrir vísi að náttúrugripasafni við skólana sína og vilji jafnvel fá fugla setta upp í því sambandi. Til viðbótar nefnir hann svo þá staðreynd að það séu:

ýmsir einstaklingar, sem vilja fá sitthvað gert, langar til að eiga fugl eða aðrar skepnur eða haus af kind eða kú. Það er hérna listi yfir þannig verkefni, sem hér liggja fyrir eins og sakir standa. Hér er því ærið verk að vinna, til að fullnægja eftirspurninni á þessu sviði innanlands. Auk þess hef ég rökstuddan grun, eða jafnvel vissu studda fenginni reynslu fyrir því, að það gæti verið nokkur markaður fyrir íslensk dýr uppsett til útflutnings. Hér eru vissulega mörg verkefni fyrir höndum.<sup>7</sup>

Engum blöðum er um það að fletta að forstöðumaðurinn hefur haft mikla trú á íslenska dýrasafninu, hlutverki þess og framtíð. Jafnframt er ljóst að miðlunargildi safnsins er í hans huga ótvírætt og verkefnin brýn, jafnt innanlands sem utan.

<sup>6</sup> Steve Baker, *The Post-Modern Animal*, London: Reaktion Books Ltd., 2000.

<sup>7</sup> H.Kr., „Safnið ætti að hafa talsverðu hlutverki að gegna í borg eins og Reykjavík“, bls. 11.

„AF HVERJU FÆ ÉG EKKI AÐ KYNNA SAFNIÐ MITT Í SJÓNVARPINU?“



Uppstoppaðar hænur. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

### *Uppgangur safnsins og ný heyrnartæki*

Þegar flett er í gegnum umfjöllun og fréttir um safnið kennir ýmissa grasa. Í *Dagblaðinu*, miðvikudaginn 22. mars árið 1978, birtist umkvörtun eigandans undir yfirskriftinni „Af hverju fæ ég ekki að kynna safnið mitt í sjónvarpinu?“ Svo virðist sem Kristján sé afar ósáttur við það að slíkri beiðni hafi ítrekað verið hafnað og hringir því til blaðsins umræddan dag til að varpa fram þessari spurningu og ræða röksemdir fyrir umleitan sinni. Í tengslum við þessa umræðu segir hann meðal annars: „Nú er mér spurn hvers á íslenska dýrasafnið að gjalda. Eina safnið sinnar tegundar, að því er ég tel, hér á landi. Dýrasafn þar sem komnir eru á annað þúsund safngripir. Má ekki segja frá slíku framtaki í sjónvarpinu?“<sup>8</sup>

<sup>8</sup> Ólafur Geirsson, „Af hverju fæ ég ekki að kynna safnið mitt í sjónvarpinu?“, *Dagblaðið*, 22. mars 1978, bls. 3.

Í sömu umfjöllun *Dagblaðsins* um safnið segir að nú hafi dýrin í Breiðfirðingabúð fengið málið. Gestir safnsins geti nefnilega fengið lánuð heyrnar-tæki, sem stungið er í samband við lítið tæki við hvern bás og heyrir þá mál viðkomandi dýrs. Einnig fylgi með stutt frásögn um dýrið. Ennfremur er tekið fram að dýramálinu sé stjórnað frá miklu stjórnborði og að allt að 13 manns geti hlustað á mál dýranna í einu. Í sömu frétt segir jafnframt frá því að ekki hafi bæst við ný dýr í safnið nokkuð lengi, en það eigi þó í pöntun ein 500 stykki, meðal annars hval og 5 ára gamalt naut. Að lokum er vakin athygli á því hversu ferðamannahópar hafi í raun sinnt safninu lítið sem ekkert og tekið fram að ástæða þess sé líklega sú að leiðsögumenn virðist ekki telja það nægilega merkilegt fyrir útlendinga. Í greininni er beinlínis bent á að þetta ættu ferðaskrifstofur að taka til athugunar og er svo að lokum áréttáð að safnið sé opið alla daga frá 10–22.<sup>9</sup>

Að öðru leyti virðist sem safnið hafi verið nokkuð vinsælt og vel nýtt af margvíslegum hópum. Í *Æskunni* árið 1978 er meðal annars sagt frá því að krakkar frá Blindraskólanum heimsæki safnið reglulega.<sup>10</sup> Valgeir Gestsson, formaður Sambands grunnskólakennara, minnst einnig á safnið í umfjöllun í *Þjóðviljanum* árið 1978 en hann telur safnið hafa margvíslega góða kosti þegar kemur til dæmis að kennslu grunnskólabarna. Máli sínu til stuðnings segir hann:

Uppstoppuð dýr eru ákaflega hentug kennslutæki fyrir börn á grunnskólastigi. Fyrir börn hér á Reykjavíkur-svæðinu væri auðvitað æskilegt að þau kynntust dýrunum lifandi, en það er skárri kostur en enginn, að þau hafi aðgang að því að sjá dýrin uppstoppuð.<sup>11</sup>

Valgeir Gestsson vekur hér máls á mikilvægi þess að þau skólabörn í borginni sem ekki hafi aðgang að lifandi dýrum fái þó alla vega að nálgast þau uppstoppuð á dýrasafninu. Í gegnum tíðina hafa hinir ýmsu fræðimenn beint sjónum að því með hvaða hætti bæði lifandi og uppstoppuðum dýrum á söfnum, sýningum og í dýragörðum var ætlað að uppfræða íbúa borga og bæja um náttúruna. Dýragarðar og náttúruminjasöfn spruttu upp eins og gorkúlur í flestum borgum Evrópu í lok 19. aldar og urðu fljótt vinsælir viðkomustaðir, til fræðslu og skemmtunar fyrir bæði fullorðna og börn. Söfn

<sup>9</sup> H.Kr., „Safnið ætti að hafa talsverðu hlutverki að gegna í borg eins og Reykjavík“, bls. 11.

<sup>10</sup> „Þannig lítur Súsanna á heiminn“, *Æskan* 7–8/1. júlí 1978, bls. 14.

<sup>11</sup> „Megum ekki við því að missa safnið“, *Þjóðviljinn*, 7. september 1978, bls. 11.



af þessu tagi taka í raun við af furðukamesum upplýsingarinnar á borð við safn Ole Worm, þar sem nokkuð var um uppstoppuð dýr í bæði heilu lagi og bútum.<sup>12</sup> Á Íslandi var ekki opnað náttúrugripasafn fyrr en árið 1951 en fram að því starfrækti *Hið íslenska Náttúrufræðifélag* sýningasafn á ýmsum stöðum í Reykjavík. Nokkuð af gripum safnsins var um árabíl til sýnis í Safnahúsinu á Hverfisgötu og svo í sýningarsölum á tveimur hæðum á Hlemmi til ársins 2008.<sup>13</sup>

Dýrasafn Kristjáns hefur á sínum tíma ef til vill uppfyllt þörf borgarbúa í Reykjavík fyrir nálægð við náttúru og heim dýranna. Á þeim tíma sem safnið var rekið voru skilin milli sveita og borgarlífs að skerpast í íslensku samfélagi og við það verður til einhvers konar tilfinningalegt rof. Ástandinu hefur jafnvel verið lýst sem eins konar tilfinningalegri togstreitu eða samviskubiti borgarbúa yfir því að hafa yfirgefið sveitina, eins og fjölmargar íslenskar bækur og kvikmyndir fjalla um.<sup>14</sup> Hvort slíkar tilfinningar hafi látið á sér kræla á meðal safngesta, eða jafnvel verið ein af ástæðum vinsælda Íslenska dýrasafnsins, er kannski ekki ólíklegt. Hvað sem því líður er ljóst að dýrasafn Kristjáns naut um skeið nokkurra vinsælda og af blaðagreinum að dæma virðist sem þangað hafi verið leitað eftir bæði fræðslu og skemmtan. Í húsinu rak Kristján jafnframt hjónabandsmiðlun um árabíl. Leiða má að því líkum að sumir safngestir hafi ef til vill náð að slá þar tvær flugur í einu höggi, með því að virða fyrir sér bæði dýr og menn, og í sumum tilvikum bindast jafnvel heitböndum.<sup>15</sup> Óhætt er að segja að í Breiðfirðingabúð hafi margt verið brallað og svo virðist sem dýrasafnið hafi átt ágætis blómaskeið í um fjögur ár en svo hafi tekið að halla undan fæti. Árið 1978 var safnið lýst gjaldþrota og voru munir þess og gripir settir á uppboð í Tollstöðvarhúsinu við Tryggvagötu.

Samkvæmt nýlegu samtali mínu við Lýð Pálsson, safnstjóra á Byggðasafni Árnesinga, voru vanskil safnsins vegna gerviaugna víst orðin gríðarhá. Þegar kom að uppboðsdegi læsti forstöðumaðurinn sig inni ásamt safneign-

<sup>12</sup> Fjallað er um nokkra slíka safngripi sem Ole Worm sankaði að sér og sýndi meðal annars í fyrrnefndri grein Kötlu Kjartansdóttur um geirfuglinn: Katla Kjartansdóttir, „The changing symbolic meaning of the extinct great auk and its afterlife as a museum object at the Natural History Museum of Denmark“, bls. 41–56.

<sup>13</sup> „Saga safnsins“, *Náttúruminjasafn Íslands*, sótt 29. október 2019 af <https://nmsi.is/saga/>.

<sup>14</sup> Í þessu samhengi má nefna skáldsöguna *79 af stöðinni* (1962) eftir Indriða G. Þorsteinsson og kvikmyndina *Oðal feðranna* (1980) í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar.

<sup>15</sup> „Hjónabandsmiðlun og svæðameðferð“, *Morgunblaðið*, 30. apríl 1982, bls. 34.

inni og tók ekki í mál að hleypa nokkrum einasta manni að dýrunum. Á meðfylgjandi mynd sést fulltrúi fógeta og lögreglumaður reyna að brjóta sér leið inn á safnið í gegnum læsta hurð:



Fulltrúi fógeta og lögreglumaður reyna að brjóta sér leið inn á dýrasafnið í Breiðfirðingabúð. Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Með myndinni, sem birtist á forsíðu *Dagblaðsins* 2. september 1978, fylgdi eftirfarandi myndatexti: „Ráðizt gegn dyrum Íslenska dýrasafnsins á gamlan og viðurkenndan hátt.”<sup>16</sup> Þar með lauk að sinni starfsemi þessa merkilega safns í Breiðfirðingabúð á Skólavörðustíg. Flesta munina keypti Byggða- og listasafn Selfoss fyrir um 3,2 milljónir á fyrrnefndu uppboði tollstjórans, en um tvö til þrjúhundruð gripir munu hafa verið boðnir upp.<sup>17</sup>

Linda Ásdísardóttir, safnafræðingur og safnvörður á Byggðasafni Árneseinga, segir frá því í grein sinni í *Kvistinum* að Byggðasafnið hafi sett upp sýningu á gripunum árið 1980 og var það þá opnað undir heitinu Dýrasafnið á Selfossi. Samkvæmt Lindu var sýningin vel sótt og rifja Árneseingar enn í dag upp góðar minningar úr safnaheimsókn sinni á Dýrasafnið. Í greininni er einnig greint frá því að stór hluti uppstoppaðra fugla úr safnkostinum

<sup>16</sup> „Lögreglan hér, góðan daginn!“ *Dagblaðið*, 2. september 1978, bls. 1.

<sup>17</sup> „Safnhúsin á Selfossi: Keyptu bróðurpart íslenska dýrasafnsins án þess að fjármagn væri fyrir hendi“, *Tíminn*, 21. september 1978, bls. 5.

„AF HVERJU FÆ ÉG EKKI AÐ KYNNA SAFNIÐ MITT Í SJÓNVARPINU?“

hafi orðið hluti af sérsýningu byggðasafnsins, þar sem færð var saman saga dansks kaupmanns og náttúruverndar. Aðrir gripir úr gamla Dýrasafninu voru hins vegar fluttir í glænýtt geymslu- og þjónustuhús á Eyrarbakka árið 2002.<sup>18</sup>

### *Dýrgripir á uppboði*

Samkvæmt samtali mínu við Lýð Pálsson, safnstjóra hjá Byggðasafni Árnesinga, mættu fjórir galvaskir menn úr Árnesþingi á sínum tíma á uppboðið hjá Tollstjóra árið 1978 og buðu grimmt í þá gripum sem þeim leist best á. Megnið af gripunum voru svo hafðir til sýnis á fyrrnefndu safni, sem fékk heitið Dýrasafnið á Selfossi og var starfrækt frá árinu 1980 til ársins 1995. Samkvæmt Lýð er sumsé töluvert eftir af þeim gripum sem keyptir voru á uppboðinu hjá Tollstjóra 1978 en einnig eru dæmi um að munum hafi verið komið fyrir í geymslu eða lánað til annarra safna. Í svokölluðum *Eggjaskúr* sem tilheyrir Byggðasafni Árnesinga eru til dæmis uppstoppuðu fuglarnir frá Íslenska dýrasafninu enn til sýnis. Stærsti gripurinn úr safninu er ísbjörninn sem var felldur í Fljótavík vorið 1974. Um þessar mundir mun hann vera í millisafnaláni hjá Byggðasafni Vestfjarða á Ísafirði þar sem hann sómir sér vel á sýningu.<sup>19</sup>

Á meðal þeirra dýrgripa sem fluttust til Selfoss var sumsé uppstoppaði ísbjörninn úr Fljótavík og hryssan Löngumýrar-Skjóna, sem samkvæmt frétt *Tímans* um málið var „eitt frægasta og umdeildasta hross landsins“.<sup>20</sup> Við kaupin sagði Pétur Sigurðsson, safnvörður á Byggða- og listasafni Selfoss, að hann væri sérstaklega ánægður með kaupin á ísbirninum því það væri ekki á hverjum degi sem hægt væri að festa kaup á slíkum grip.<sup>21</sup> Vert er að fjalla nánar um þennan merkilega grip. Bjarndýrið felldi Jón Gunnarsson, smiður á Ísafirði, í Fljótavík á Hornströndum vorið 1974. Í skemmtilegu viðtali lýsir skyttan viðureign sinni við dýrið. Hann segir svo frá að hann og félagar hans hafi verið, auk þriggja krakka, staddir í gistiskýlinu í Fljótavík þegar þeir urðu varir við eitthvað óvenjulegt fyrir utan skýlið. Það reyndist þá vera bjarndýrið sem farið var að gæða sér á nestinu, sem geymt var úti.

<sup>18</sup> Linda Ásdísardóttir, „Ugla sat á Kvisti“, *Safnablaðið Kvistur* 1/2016, bls. 8–11.

<sup>19</sup> Tölvupóstsamskipti við Lýð Pálsson safnstjóra Byggðasafns Árnesinga, 29. nóvember 2019.

<sup>20</sup> Safnhúsin á Selfossi: Keyptu bróðurpart íslenska dýrasafnsins án þess að fjármagn væri fyrir hendi“, *Tíminn*, 21. september 1978, bls. 5.

<sup>21</sup> Sama heimild, bls. 5.

Jón lýsir því sem svo að dýrið hafi verið í klappfæri við þá og að þeir hafi nötrað af hræðslu. Þeir töldu ekki ólíklegt að björninn myndi brjóta upp hurðina og éta þá upp til agna. Umræður hófust þá um það hvað skyldi til bragðs taka, hugmyndir voru uppi um að bregða neti yfir dýrið en skjótt varð niðurstaðan sú að ná í skotfæri. Stuttu síðar lá björninn allur á flötinni fyrir framan gistiskýlið.<sup>22</sup>

Eftir þetta tók Kristján S. Jósefsson dýrið til varðveislu og Jón M. Guðmundsson stoppaði það upp. Um skeið var það svo til sýnis hjá honum í dýrasafninu í Breiðfirðingabúð eða þar til kom að gjaldþroti. Þá var hvítabjörninn, sem fyrr segir, fluttur til Selfoss ásamt öðrum munum og gripum úr safni Kristjáns. Á mynd sem fylgir fréttinni má sjá uppstoppaða björninn standa, eins og tekið er fram í myndatexta, keikan á safninu í Selfossi. Ekki er annað að sjá en hann uni þar hag sínum vel.<sup>23</sup> Enginn vafi leikur á því að dýrasafnið hafði í sinni safneign ýmsa óvenjulega og sjaldgæfa gripi, til viðbótar við ísbjörninn var þar til dæmis einnig að finna tvíhöfða lamb sem, eftir nokkra eftirgrennslan, er nú varðveitt á Draugasetrinu á Stokkseyri – gestum til hrellingar.<sup>24</sup>

Annar merkilegur gripur var einnig um skeið varðveittur hjá íslenska dýrasafninu. En það er hinn víðfrægi uppstoppaði api sem Ellý Vilhjálmsdóttir, söngkona, átti lengi vel. Apinn varð á sinni tíð allvel þekktur undir nafninu Bongo. Í frétt Ríkisútvarpsins segir frá því með hvaða hætti apinn komst í hendur Ellýar í Spánarferð en samkvæmt vinkonu, sem var með henni í för, valdi Ellý Bongo vegna þess að hann var gáfulegastur af þeim til augnanna. Fylgdi Bongo síðan Ellý um langt skeið og varð hann nokkuð frægur í Blómaskála Mikkelsen í Hveragerði. Eftir stutta dvöl þar var hann stoppaður upp og sendur á dýrasafnið til Kristjáns Jósefssonar. Árið 1978 fréttist svo af apanum á uppboði hjá tollstjóra og talið var að hann hefði verið keyptur ásamt öðrum munum af Byggðasafni Árnesinga. Við eftirgrennslan kom hins vegar í ljós að hann var að finna í Menntaskólanum á Laugarvatni, þar sem hann er víst enn. Samkvæmt fréttinni var Bongo mikill skemmtikraftur, en með eindæmum afbrýðisamur og illa lyktandi í þokkabót.<sup>25</sup>

<sup>22</sup> „Dýrið lá fyrir framan dyrnar og át nestið mitt“, *Dagblaðið Vísir*, 20. febrúar 1988, bls. 18.

<sup>23</sup> „Björninn er hýstur á Selfossi“, *Dagblaðið Vísir*, 20. febrúar 1988, bls. 18.

<sup>24</sup> Tölvupóstsamskipti við Lýð Pálsson safnstjóra Byggðasafns Árnesinga, 29. nóvember 2019.

<sup>25</sup> „Api Ellýar fundinn“, *RÚV*, 9. nóvember 2012, sótt 29. október 2019 af <https://>

Hér er áhugavert að sjá hvernig apanum er gefið mannlegt yfirbragð og eiginleikar. Honum er í raun lýst eins og um manneskju sé að ræða en ekki dýr. Í þessu samhengi hafa fræðimenn á borð við Hillevi Ganetz rætt um það hvernig manneskjan eigi það til að yfirfæra mannlega eiginleika, tilfinningar og gildi yfir á önnur dýr. Um eins konar manngervingu er þá að ræða (e. *antropomorphism*) og nefnir Ganetz velþekkt dæmi úr Disney kvikmyndum á borð við *Bamba* þar sem dádýrinu eru gefnir mannlegir eiginleikar og skapgerð. Var þetta einkum gert, samkvæmt Walt Disney sjálfum, til þess að áhorfendur ættu þá betur með að finna til samkenndar með dýrinu.<sup>26</sup> Fjöl- mörg dæmi af þessu tagi mætti auðvitað nefna úr kvikmyndum, en ekki síður úr þjóðsögum og ævintýrum. Í sumum sögum ná tiltekin dýr jafnvel að komast svo langt inn fyrir mörk þess mannlega að ástir kvikna, þvert á tegundir. Í slíkum tilvikum er þó reyndar oft um álög að ræða, sem einungis er hægt að aflétta með kossi frá réttum aðila. Á það til dæmis við um svaninn fagra sem Dimmalimm gaf koss í *Ævintýrinu um Dimmalimm*, en hann reyndist þá vera prins í álögum.<sup>27</sup> Viðlíka álög eru einnig uppi á teningnum í Disney-ævintýrinu um Friðu og Dýrið og fleiri ævintýrum og sögum, sem ekki verða nefndar hér. Hvort suðræni apinn Bongo sé ef til vill prins í álögum er ekki enn komið í ljós.

## Lokaorð

Í *Morgunblaðinu* árið 1979 er greint frá því að „á mínúttunni klukkan tvö laugardaginn 1. september“<sup>28</sup> muni íslenska dýrasafnið opna á ný. Jafnframt er að þessu tilefni haft eftir Kristjáni S. Jósefssyni, forstöðumanni safnsins, að einmitt þá muni vera „nákvæmlega eitt ár liðið frá því menn borgarfógeta komu í Breiðfirðingabúð og tóku öll dýrin [hans] upp í skattaskuld“.<sup>29</sup> Þá tekur Kristján það sérstaklega fram að hann hafi nú náð hluta af dýrunum sínum tilbaka frá Selfossi, þar á meðal Löngumýrar-Skjónu en einnig að hann hafi náð að útvega nokkuð af nýjum dýrum, til dæmis fimm vetra gamlan bolakálf. Með fréttinni fylgir síðan ljósmynd af stoltum forstöðumanninum við hlið kálfsins, sem virðist líkt og Kristján bara nokkuð sáttur

---

www.ruv.is/frett/api-ellyjar-fundinn.

<sup>26</sup> Hillevi Ganetz, „Familiar Beasts: Nature, Culture and Gender in wildlife films on television“, *Nordicom Review* 1-2/2004, bls. 197–213.

<sup>27</sup> *Ævintýrið* samdu Muggur og myndskreytti árið 1921 fyrir litla frænku sína.

<sup>28</sup> „Íslenska dýrasafnið opnar á ný. Eitt ár liðið síðan fógeti hirti safngripina upp í skuld“, *Morgunblaðið*, 30. ágúst 1979, bls. 8.

<sup>29</sup> Sama heimild, bls. 8.



við þessi málalok. Að endingu er svo greint frá því að safnið muni sem fyrr verða til húsa í Breiðfirðingabúð.<sup>30</sup>

Í dag er hins vegar Snorrabúð stekkur og því miður ekkert dýrasafn lengur á Skólavörðustíg en slíkt safn ætti auðvitað mjög vel heima til dæmis í gamla Hegningarhúsinu. Saga íslenska dýrasafnsins er að mörgu leyti mjög merkileg. Í fyrsta lagi ber hún vitni um mikla þrautseigju og eldhug forstöðumannsins, Kristjáns S. Jósefssonar, sem lét ekki deigan síga þó stundum gæfi á bátinn. Framlag hans til menningar- og bæjarlífs Reykjavíkur á áttunda áratugnum tel ég ótvírætt. Saga safnsins sýnir einnig að margir dýrgripir, á borð við hvítabjörninn sem skotinn var í Fljótavík vorið 1974, hafa góðu heilli fengið þar húsaskjól, varðveislu og ágætis framhaldslíf í formi uppstoppaðra muna. Þessir safnmunir virðast hafa nýst prýðilega og vakið bæði forvitni og skemmtan meðal bæjarbúa. Af umfjöllun fjölmiðla að dæma virðist sem safnið hafi notið vinsælda og verið jafnframt nokkuð vel nýtt sem námsvettvangur, fyrir jafnt blinda sem sjáandi. Hvort safnið hafi almennt haft meira skemmtigildi umfram fræðslugildi skal hins vegar ósagt látið.

---

<sup>30</sup> Sama heimild, bls. 8.